



22. nóvember 2023  
Tilv.: 2103130

Númer: 39/2023  
Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

*Efni:* Tilkynningar um frávik hjá eftirlitsskyldum aðilum

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir fjármálaeftirlitið) tók í notkun nýtt kerfi fyrir frávikatilkynningar frá eftirlitsskyldum aðilum, sbr. dreifibréf nr. 19/2021, dags. 24. mars 2021.

Í kafla 5.2 í leiðbeinandi tilmælum (LT) nr. 1/2019 um áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, er fjallað um frávikatilkynningar og framvinduskýrslur. Þar kemur m.a. fram að EA þurfi að hafa til staðar skriflega verkferla sem taka til meðhöndlunar á frávikum í rekstri upplýsingakerfa, þar með talið tilkynningar um frávik til fjármálaeftirlitsins sbr. 48. og 49. lið. Meðhöndla skal frávik með því að finna orsakir þeirra, koma aftur á eðlilegu rekstrarástandi og koma í veg fyrir að frávikin endurtaki sig. Einnig kemur fram að EA skuli viðhafa rafræna skráningu frávika og að þau séu rekjanleg og mælanleg. Fjármálaeftirlitið mun kalla eftir umræddum skráum, handahófskennt á næstu misserum m.a. til að samræma og fylgja eftir mati á hvaða tilvik beri að tilkynna og hvort um aukningu á frávikum sé að ræða.

Notast er við viðmið fjármálaeftirlitsins um hvað telst vera stærri frávik þegar þau eru tilkynnt. Með hliðsjón af fenginni reynslu af fyrirkomulaginu hafa viðmiðin verið uppfærð, en uppfærð viðmið má finna í meðfylgjandi leiðbeiningum. Þrátt fyrir framangreind viðmið vekur fjármálaeftirlitið athygli á að æskilegt er að eftirlitsskyldir aðilar skili inn frávikum vegna stærri netárása óháð viðmiðum og óháð því hvort árásin heppnaðist eða ekki. Ástæða þess er sú að stöðug þróun netáhættulandslags og nýleg fjölgun netatvika skv. ESRB<sup>1</sup> (2022) séu vísbendingar um meiri ógn við fjármálastöðugleika.

Vakin er athygli á að frávikatilkynningum og framvinduskýrslum ber að skila í gagnaskilakerfi Fjármálaeftirlitsins í samræmi við framangreindar leiðbeiningar. Skýrslurnar bera heitið „Frávik – lv“ og „Frávik – fft“ þar sem lv stendur fyrir lífeyrismarkað og váttryggingamarkað og fft fyrir fjármálafyrirtæki og aðra eftirlitsskylda aðila. Einnig má sjá leiðbeiningarnar á heimasíðu Seðlabankans, undir „Fjármálaeftirlit-Djónustuvefur - Rafræn skil“.

---

<sup>1</sup> The European Systemic Risk Board, eða hið evrópska áhætturáð

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kristín Logadóttir  
Staðgengill framkvæmdastjóra  
Varúðareftirlit

Sigurveig Guðmundsdóttir  
áhættusérfræðingur  
Varúðareftirlit

